



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 10. maí 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 08:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Ástrós Elísóttir varamaður fyrir Arnar Ólaf Viggósson og Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri.

Niels Guðmundsson tók þátt í 1. dagskrárlíð með fjarfundarbúnaði og Starri Heiðmarsson mætti á fund undir 4. dagskrárlíð. Oddviti stjórnaði fundi og starfandi sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar bar oddviti upp tillögu um að bæta við dagskrá fundarins undir önnur mál, uppbyggingu á Herring Hotel í húsnæði gömlu sildarverksmiðjunnar á hafnarvæði. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna með 5 samhljóða atkvæðum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur sveitarfélagsins 2023 – Síðari umræða

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins vegna 2023 til síðari umræðu og endurskoðunarskýrsla sem Niels Guðmundsson endurskoðandi kynnti.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta á árinu 2023 var neikvæð um kr. 46,8 millj. samanborið við kr. 55,5 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því kr. 8,7 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Samtals var nettó niðurstaða þeirra viðauka sem gerðir voru kr. 16,6 millj. til hækkunar á rekstrarafkomu ársins (tekjur umfram gjöld)

Rekstrartekjur A- og B-hluta námu kr. 849,1 millj. á árinu 2023 og hækka um kr. 56,9 millj. eða 7,2% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 0,6% yfir áætlun ársins 2023 ef með eru teknir viðaukar ársins sem gerðu ráð fyrir kr. 52,1 millj. viðbótartekjum frá upphaflegri áætlun fyrir árið. Útsvarstekjur hækka um kr. 3,3 millj. milli ára eða 1,0%. Fasteignaskattar og lóðaleiga hækka um kr. 8,1 millj. milli ára eða 23,1%. Framlög frá jöfnunarsjóði hækka um kr. 35,8 millj. milli ára eða 21,5% og aðrar tekjur hækka um kr. 9,4 millj. milli ára eða 7,6%.



Laun og launatengd gjöld A- og B-hluta námu kr. 392,0 millj. á árinu 2023 og hækka um kr. 28,2 millj. eða 7,7%. Hlutfall launa af rekstrartekjum helst óbreytt milli ára og er 46%.

Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga var um kr. 36,1 millj. sem er kr. 16,6 millj. yfir áætlun. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 9,8% milli ára. Áætluð hlutdeild sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingum hjá LSR hækkaði úr 59,7% í 61,7% milli ára. Við bættist ný skuldbinding vegna Brúar lífeyrissjóðs að fjárhæð kr. 6,0 millj.

Annar rekstrarkostnaður A- og B-hluta nam kr. 416,2 millj. á árinu 2023 og hækkar um kr. 43,8 millj. eða 11,7%. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar af rekstrartekjum hækkar milli ára úr 47% í 49% hjá A- og B-hluta.

Afskriftir A- og B-hluta námu kr. 52,3 millj. og hækka aðeins milli ára.

Fjármagnsliðir hjá A- og B-hluta voru jákvæðir um kr. 0,8 millj. á árinu 2023 en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 13,4 millj.

Tap varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 58,6 millj. samanborið við kr. 47,5 millj. tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði skv. fjárhagsáætlun með viðaukum. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2023 um kr. 101,2 millj. samanborið við kr. 90,9 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Varanlegir rekstrarfjármunir A- og B-hluta hækka um kr. 92,3 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.439,2 millj. í árslok 2023.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar og nam endurmatshækkun vegna þeirra kr. 35,3 millj. Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 119,8 millj. en afskriftir námu kr. 52,3 millj.

Á árinu var seld ein íbúð hjá félagsíbúðum og nam söluverðið kr. 26,5 millj. og söluhagnaður kr. 16,1 millj. Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Túnbraut 1-3, skrifstofur, endurbætur kr. 13,0 millj.
- Hafnarmannvirki kr. 9,2 millj. en á móti kom 2,7 millj. ríkisframlag
- Fráveitukerfi kr. 121,0 millj. en á móti kom 40,3 millj. ríkisframlag



•Fellsborg kr. 11,8 millj.

Handbært fé samstæðu A og B lækkar um kr. 147,3 millj. milli árunna 2022 og 2023.

Sveitarfélagið tók engin ný lán á árinu og hefur nýtt rekstrarfé og laust fé í fjárfestingar.

Veltufjárhlutfall samstæðunnar er áfram nokkuð gott eða 2,7 í árslok 2023.

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 12,2 millj. milli ára en þær voru kr. 98,0 millj. í árslok samanborið við kr. 110,3 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða. Eitt skuldabréf var gert upp á árinu vegna eignar sem var seld.

Engin lán voru tekin á árinu 2023.

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var komið í 11% í árslok 2023.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn, samþykkti hann síðan samhljóða með 5 atkvæðum og áritaði að lokinni umræðu.

2. Skýrsla sveitarstjóra

Starfandi sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

3. Skagabyggð – Ósk um framlengingu á samstarfssamningi

Í erindi oddvita Skagabyggðar frá 3. maí f.h. sveitarstjórnar Skagabyggðar er þess óskað að samstarfssamningur sem sveitarstjórn Skagabyggðar sagði upp 13. nóvember 2023 með sex mánaða fyrirvara, við Sveitarfélagið Skagaströnd, verði framlengdur til 1. ágúst 2024. Sveitarstjórn samþykkir framkomna ósk samhljóða með 5 atkvæðum.

4. Kynning á Náttúrustofu Norðurlands vestra

Á fund sveitarstjórnar kom Starri Heiðmarsson forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra og kynnti stofuna. Náttúrustofa Norðurlands vestra starfar í samræmi við lög um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur. Megináhersla er á vöktun og rannsóknir á náttúru Norðurlands vestra. Ráðgjöf er veitt sveitarfélögum og skipulagsyfirköndum og þjónusturannsóknir eru gerðar fyrir einkaaðila. Við N.N.v. starfa fjórir fastir starfsmenn, staðsettir á Hvammstanga (1), Skagaströnd (2) og Sauðárkróki (1) auk þess sem lausamenn eru ráðnir til að sinna verkefnum yfir sumarið.



Í næstu viku verður fundur með ráðuneytinu, samstarfssveitarfélögum og forstjóra NÍ vegna framtíðarskipulags náttúrustofanna.

5. Fundargerðir:

1. Hafnar- og skipulagsnefnd 6. maí 2024

Fundargerð er í 12 liðum. Liður 4 um úthlutunarreglur ræktunarlanda borinn undir atkvæði og samþykkir sveitarstjórn úthlutunarreglur samhljóða með 5 atkvæðum.

Liður 2 um umsókn um byggingarleyfi Ránarbraut 2a-d borinn undir atkvæði og samþykkir sveitarstjórn samhljóða með 5 atkvæðum byggingarleyfið og breytta notkun á lóðunum að undangenginni grenndarkynningu.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

2. Félags- og skólaþjónusta A-Hún. 2. maí 2024

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

3. Stjórnarfundur Norðurár bs 12. apríl 2024

Lögð fram til kynningar fundargerð 116. fundar stjórnar Norðurár bs.

4. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 947

frá 19. apríl 2024

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 947

6. Önnur mál

1. Uppbygging á Herring Hotel í húsnaði gömlu síldarverksmiðjunnar á hafnarsvæði

Lögð fram tillaga að gjafaafsali vegna Hafnarlóðar 9 til Fasteignafélagsins Þingeyrar ehf. háð ákveðnum skilyrðum og takmörkunum, m.a. að framkvæmdir hefjist innan tveggja ára.

Einnig lögð fram gögn um tímalínu verkefnis og deiliskipulag.

Sveitarstjórn samþykkir gjafaafsalið eins og það liggur fyrir og felur starfandi sveitarstjóra að undirrita gögn því til staðfestingar.



Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:35

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Ástrós Elísdóttir

Ólafur Þór Ólafsson